

**Kjarasamningur  
milli  
SBU/ Fræðagarðs  
og  
Ríkisútvarpsins ohf**

**1. gr.**

Kjarasamningur aðila framlengist til 28. febrúar 2015 með þeim breytingum sem í samningi þessum felast.

**2. gr.**

**Kaupliðir**

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla kr. 25.000,- hverjum starfsmanni í fullu starfi og hlutfallslega eftir starfshlutfalli. Rétt til eingreiðslunnar eiga þeir sem voru í starfi í janúar og voru enn við störf 1. febrúar sl.

Almenn launahækkun

Hinn 1. febrúar 2014 tekur gildi ný launatafla sbr. 3.gr. samnings þessa. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% frá sama tíma.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er kr. 39.500.

**3.gr.**

Grein 1.1.1 breytist og hljóðar svo:  
Lágmarkslaun frá 1. febrúar 2014

Byrjunarlaun	326.395 kr.
Eftir 1 árs samfelldt starf í starfsgrein	343.574 kr.
Eftir 3 ára samfelldt starf í starfsgrein	360.754 kr.

**4. gr.**

**Samningsforsendur**

Samningur þessi byggir á sömu forsendum og kjarasamningur SA og ASÍ frá 21. desember 2013, (aðfararsamningur, efnhagsumgjörð og viðræðuáætlun).

**5. gr.**

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal kynnt eigi síðar en 25. júní 2014.

IBS  
MM  
u.o.  
Uth  
Kali

6. gr.

Aðilar eru sammála um að hefja undirbúning við gerð nýs heildarkjarasamnings eigi síðar en 15. október 2014.

Reykjavík, 20. júní 2014

F.h. SBU og Fræðagarðs

Enga Björg Sverrisdóttir  
Kalmann Leifur Þórunnsson  
Hafurhildur Hallgrímsdóttir

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

Margrét Magnúsdóttir  
Kirsteinn Þórunnsson  
Guðrún Óðinsdóttir